

**Samþykktir 34. aðalfundar
Landssambands smábátæigenda
18. – 19. október 2018**

Efnisyfirlit

| | |
|--------------------------------------|----|
| STJÓRNKERFI FISKVEIÐA..... | 3 |
| STRANDVEIÐAR..... | 4 |
| MAKRÍLL | 4 |
| GRÁSLEPPUVEIÐAR | 4 |
| HUMARVEIÐAR | 5 |
| HVÍTLÚÐA..... | 6 |
| KÚFSKEL TIL BEITU | 6 |
| SAMEINING VEIÐIKERFA..... | 6 |
| HEILDARENDURSKOÐUN Á REGLUVERKI..... | 6 |
| STUÐNINGSYFIRLÝSING | 7 |
| VEIÐIGJALD..... | 7 |
| BYGGÐAKVÓTI..... | 7 |
| LOKUN/OPNUN VEIÐISVÆÐA | 8 |
| HRYGNINGARSTOPP..... | 9 |
| RANNSÓKNIR..... | 9 |
| ÖRYGGISMÁL..... | 9 |
| MARKAÐSMÁL..... | 10 |
| GJÖLD..... | 10 |
| VIGTUN AFLA | 11 |
| UNDANÞÁGA Á VEIÐISKYLDU..... | 11 |
| EFTIRLIT | 11 |
| LOFTSLAGSMÁL | 11 |
| FÉLAGSSTARFSEMI | 11 |
| TIL RÁÐAMANNA..... | 12 |

Stjórnkerfi fiskveiða

Aðalfundur LS samþykkir að handfæraveiðar smábáta eigi að vera með öllu frjálssar.

Aðalfundur LS mótmælir kvótasetningu á hlýra.

Aðalfundur LS mótmælir harðlega ákvörðun sjávarútvegsráðherra að lækka aflaviðmiðun til línuívilnunar.

Aðalfundur LS krefst þess að línuívilnun nái til allra dagróðrabáta undir 30 tonnum sem róa með landbeitta línu, trekt og vélabeitningu og skorar á ráðherra að tryggja sambærilegan afla til línuívilnunar og verið hefur.

Aðalfundur LS fer þess á leit að sett verði sérstök handfæraívilnun á dagróðrabáta undir 30 tonnum.

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að taka upp fyrri takmarkanir á veiðum með dragnót í Skagafirði þannig að þær verði óheimilar innan línu sem dregin er milli Ásnefs í vestri í norðurhorn Þórðarhöfða í austri.

Þeim tilmælum til sveitarstjórnar Skagafjarðar að beita sér í þessu máli til hagsbóta fyrir smábátaútgerð í Skagafirði.

Aðalfundur LS leggur til að veiðar með dragnót innan 3 sjómílna við suðurströndina verði bannaðar.

Aðalfundur LS vill að hægt verði að segja sig frá strandveiðum og fá aftur almennt veiðileyfi hvenær sem er á strandveiðitímabilinu.

Aðalfundur LS samþykkir að LS skuldbindi sig til að berjast fyrir þá félagamenn sem enn eiga aflaheimildir, til jafns við önnur baráttumál félagsmanna.

Strandveiðar

Aðalfundur LS samþykkir að strandveiðikerfið verði þróað áfram til að bæta afkomu útgerða strandveiðibáta. Strax á næsta ári verði tryggðir að lágmarki 12 dagar í mánuði í fjóra mánuði innan sex mánaða tímabils.

Aðalfundur LS samþykkir að landið verði eitt veiðisvæði

Aðalfundur LS krefst þess að sérveiðigjald á strandveiðar (50.000,-) verði STRAX felld niður.

Makríll

Aðalfundur LS leggur til að makrílveiðar verði gefnar frjálssar og reglugerð sem gefin var út fyrir fjórum árum verði felld úr gildi, heildarúthlutun verði 16%.

Aðalfundur LS leggur til að leigupottur makríls (ráðherrapottur) verði festur í sessi og að ónýttar makrílveiðiheimildir umfram leyfilega tilfærslu milli ára verði fært sem viðbót við leigupott næstu makrílvertíðar.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur LS mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps. Fundurinn krefst þess að 4. málsgrein 9. greinar í reglugerð um hrognkelsaveiðar nr. 202 frá 4. mars 2016 verði tafalaust felld úr gildi.

Greinargerð

Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbýisma“ að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net, en þessi athugun var framkvæmd af sérstökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá.

Aðalfundur LS skorar á forystu félagsins að þrýsta á kaupendur grásleppu að gefa út verð viku áður en vertíð hefst.

Aðalfundur LS leggur til að áfram verði byggt á núverandi veiðistjórnun á grásleppu, en telur nauðsynlegt að gera endurbætur á núverandi kerfi, bæði við ákvörðun um fjölda veiðidaga og fyrirkomulag veiða.

Aðalfundur LS leggur áherslu á að veiðitími liggi fyrir áður en vertíð er hafin.

Aðalfundur LS leggur til að hægt verði að gera hlé á veiðum.

Aðalfundur LS leggur til að heimilt verði að sameina 2 grásleppuleyfi á bát.

Humarveiðar

Aðalfundur LS leggur til að humarveiðar í gildrum verði heimilaðar samhliða þróun á veiðum, vinnslu og markaðssetningu grjótkrabba.

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að huga alvarlega að skaðsemi trollveiða á humri á lífríki sjávar. Út frá rannsóknum á skaðsemi trollveiða liggur það í augum uppi að ekki verði hægt að bjóða náttúrunni upp á slíkar aðfarir til lengdar.

Humarveiðar í gildrum lágmarkar áhrif á lífríki hafsins og eykur nýtingu auðlindarinnar til muna.

Greinargerð

Grjótkrabbí er ný nytjategund innan fiskveiðilögsögu Íslands og finnst hann nú í miklu magni í Faxaflóa. Ljóst er að löng og kostnaðarsöm þróunarvinna er framundan í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba áður en nýting á honum verði arðbær. Ómögulegt er fyrir smábátæigendur að standa straum af kostnaði við slíka þróunarvinnu.

Með því að heimila humarveiðar í gildrum upp að vissu marki samhliða veiðum á grjótkrabba væri hægt að dekkja hluta þess kostnaðar og hvetja útgerðarmenn til frekari þróunarvinnu við nýtingu á grjótkrabba, sem í framtíðinni yrðu sjálfbærar og umhverfisvænar veiðar.

Hvítlúða

Aðalfundur LS vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla við krókaveiðar. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.

Kúfskel til beitu

Aðalfundur LS leggur til að öllum bátum, þar með talið strandveiðibátum verði heimilt að plægja kúfskel til beitu.

Sameining veiðikerfa

Aðalfundur LS ítrekar fyrri samþykktir LS þess eðlis að hafna öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaafamarks.

Heildarendurskoðun á regluverki

Aðalfundur LS fordæmir niðurstöður „Starfshóps um faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiði- og verndunarsvæða á Íslandsmiðum“.

Með tillögum starfshópsins er ráðist að útgerð smábáta með því að heimila aflmiklum togskipum veiðar á grunnmiðum sem hefð er fyrir að smábátar nýti. Í leiðinni er viðkvæmu lífríki grunnslóðarinnar fórnað með beitingu botndreginna togveiðarfæra á kostnað þess útgerðarforms sem litlum og engum umhverfisáhrifum veldur með kyrrstæðum veiðarfærum. Allt tal stjórnvalda um ábyrgar fiskveiðar verða í ljósi þessa orðin tóm.

Tillögur starfshópsins snúast ekki síst um að hefta aðgang smábáta að miðum næst landi, þar sem líklegast er að þeir stundi veiðar. Steininn tekur úr þegar hann leggur til aukið frjálsræði í vali á möskvastærð togveiðarfæra, stækkun fiskibáta innan 12 mílna og opnun hólfa.

Reynslan af kvótasetningu makríls á smábáta er skólabókardæmi um misheppnaða aðgerð. Þar var tekinn af smábátum víða um land möguleikinn til að leita að makríl á sínum heimamiðum og möguleika vinnslunnar á viðkomandi svæðum.

Það væri miklu meira vitað um útbreiðslu makríls á grunnslóð ef hann hefði ekki verið kvótasettur.

Stuðningsyfirlýsing

Aðalfundur LS lýsir fullum stuðningi við hvalveiðar.

Veiðigjald

Aðalfundur LS krefst tafarlausrar lækkunar veiðigjalda og að þau taki mið af afkomu einstakra útgerðarflokka en ekki meðaltalsafkomu í sjávarútveginum.

Fundurinn brýnir forystu félagsins til að berjast með kjafti og klóm fyrir stórfelldri lækkun veiðigjalda. Þá skorar fundurinn á Alþingi að hækka frítekjumark í 40% af fyrstu 5 m.kr. veiðigjaldsins og 20% af næstu 5 m.kr. þess. Fundurinn skorar jafnframt á Alþingi að leiðrétta nú þegar hlut smábáta í veiðigjaldinu frá og með fiskveiðiárinu 2017/2018.

Greinargerð

Veiðigjaldið er skattlagning og skattlagning verður að vera réttlæt看leg, svo sá sem hana greiðir láti sig hafa það, þó súrt sé. Forsendur fyrir útreikningum þess eru rangar og þess vegna þarf ekki að spyrja um útkomuna.

Byggðakvóti

Aðalfundur LS leggur til að byggðakvóta verði eingöngu úthlutað til dagróðrabáta í eigu aðila sem hafa lögheimili í viðkomandi byggðarlagi. Þá

skuli byggðakvóti ekki skilyrtur til afhendingar í beinum viðskiptum til vinnslu á sama stað og honum er úthlutað.

Greinargerð.

Með þessu skilyrði er gengið fram hjá fiskmörkuðum sem gegna lykilhlutverki í verðmyndun afla hjá útgerðum án vinnslu.

Lokun/opnun veiðisvæða

Aðalfundur mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum eins og fram koma í skýrslu starfshóps um faglega endurskoðun varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum.

Aðalfundur LS krefst þess að suðurmörk „skáps“ norðan Glettinganess verði færð norður í Ósafles og leggur til að mörk svæðisins verði við Ósafles 65°37,4 - 13°54,8 og þaðan til NNA í stað 65°45,00 – 13°48,0 síðan réttvísandi til austurs að 12 mílna mörkum.

Í dag er skipum í flokki 2 og 3, þ.e. skipum styttri en 42 metrar og með aflvísi lægri en 2500, heimilar togveiðar allt inn að 6 sml. norðan línu réttvísandi austur úr Glettinganesi 65°30,5, samanber lög nr. 79 26. maí 1997 um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flokkar 2 og 3:

B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómíllur utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13... 65°30,50) allt árið.

Það er með öllu óskiljanlegt að togveiðar skulu vera heimilar svo nærri landi á viðkvæmum svæðum, svo viðkvæmum að í yfirgripsmikilli skýrslu starfshóps um endurskoðun á veiðarfærum, veiði- og verndarsvæðum, er talin þörf á að vernda nærliggjandi svæði fyrir handfæraveiðum.

Hrygningarstopp

Aðalfundur LS leggur til að hrygningarstoppi við Breiðafjörð ljúki 11. apríl ár hvert.

Aðalfundur LS ályktar að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.

Aðalfundur LS leggur til að opnun veiðisvæðis fyrir botntroll vestur af Sandgerði og suður af Grindavík verði frestað til 1. júní ár hvert.

Rannsóknir

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka á nýtingu sjávargróðurs úr firðinum og hvaða áhrif það kann að hafa á lífríki Breiðafjarðar og afkomu fiskseiða.

Aðalfundur LS telur að auka þurfi rannsóknir á hrognkelsastofninum. Meðal grásleppuveiðimanna eru uppi sterkar efasemdir um forsendur og áreiðanleika veiðiráðgjafar Hafró sem byggði t.d. á innan við þúsund veiddum grásleppum á sl. ári.

Öryggismál

Aðalfundur LS skorar á Samgöngustofu að sjá til þess að nöfn báta séu rétt skráð í AIS staðsetningarkerfið. Ella fái þeir bátar ekki haffærisskírteini.

Aðalfundur leggur til að sóst verði eftir reglugerðarbreytingu í strandveiðikerfinu svo bátar geti nýtt sér „VSS Trackwell App“ til að tilkynna sig úr höfn.

Aðalfundur LS beinir því til forystu félagsins að beita fyrir úrbótum á AIS kerfinu. Fráleitt er að menn séu reknir frá landi einn daginn og að landi þann næsta vegna þess að ekki næst samband við kerfið.

Aðalfundur LS ítrekar fyrri samþykktir um tafarlausar endurbætur á hafnarmannvirkjum landsins þar sem smábátaútgerðin þarfnast þess við.

Markaðsmál

Aðalfundur LS skorar á utanríkisráðherra að reyna með öllum ráðum að opna fyrir viðskipti við Rússland.

Aðalfundur LS krefst þess að heimilt verði að flytja leigukvóta á milli ára.

Greinargerð:

Ófremdarástand skapast oft í byrjun fiskveiðiárs á leigumörkuðum og því alltof algengt að bátar þurfi frá að hverfa frá veiðum vegna erfiðleika við að fá veiðiheimildir. Með því að heimila flutning á leiguheimildum milli ára mætti koma í veg fyrir slík vandræði. Æskilegast væri þó að flutningi heimilda milli ára myndi fylgja rík og jafnvel algjör veiðiskylda til þess að koma í veg fyrir möguleika á braski með heimildir.

Gjöld

Aðalfundur LS leggur til að VS afli verður eitt tímabil á fiskveiðiarinu.

Aðalfundur LS leggur til að stjórn LS skipi 3ja manna nefnd til að kanna möguleika á vaxtalækkun hjá bönkum og sjóðum við lántöku til kvótakaupa í einyrkjaútgerð. Hugsanlega með því að standa að útboði til lækkunar á vöxtum þegar lán er veitt til kaupanna.

Greinargerð

Með hagkvæmum lánum einyrkja til kvótakaupa fengi smábátaútgerðin bakland með kvótanum og betri nýtingu á bátum sínum.

Vigtun afla

Aðalfundur LS leggur til að allar undanþágur til heimavigtunar og eða frávigtnar verði felldar úr gildi og allur afli verði endanlega vigtaður í þeirri höfn sem honum er landað í.

Undanþága á veiðiskyldu

Aðalfundur LS óskar eftir því að sjávarútvegsráðherra fái heimildir til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.

Eftirlit

Aðalfundur LS mótmælir harðlega öllum hugmyndum um myndavélaeftirlit um borð í smábátum.

Loftslagsmál

Aðalfundur LS telur að í ljósi þeirrar gríðarlegu áherslu sem stjórnvöld leggja á að vera fremst allra þjóða í loftslagsmálum skorar hann á þau að sýna þann vilja í verki með því að efla til muna smábátaútgerðina, þann hluta flotans sem skilur ekki aðeins eftir sig minnsta sótsporið við fiskveiðar, heldur og minnstu raskinu í umhverfi hafsins

Félagsstarfsemi

Aðalfundur LS skorar á forystu félagsins að hefja viðræður við Hrollaug um að félagið gangi á ný inn í LS sem svæðisfélag.

Til ráðamanna

Aðalfundur LS hvetur ráðamenn sem tillögur fundarins beinast til að skoða þær með opnum huga og gera í kölfarið lagabreytingar um stjórn fiskveiða sem efla smábátaútgerð á landinu öllu.

Fundurinn vill jafnframt þakka ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur fyrir að mörgu leyti velheppnað tilraunaverkefni strandveiða á nýliðnu fiskveiðiári.

Væntanlega eykur það von manna um farsælt kerfi til að starfa til frambúðar.